

235. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 28. maí 2008 kl. 20:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 437, dags. 15.05.2008.

Fundargerðin framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 06.05.2008 (106.fundur).

Liður 1 Skúlagata 18, viðbygging og endurnýjun.

Stefán Örn Stefánsson/Argos ehf. sækir um f.h. Kristjáns Sigurbjarnarsonar kt. 110150 4829, að rífa skúrbyggingu, byggja viðbyggingu og setja kvisti á þak ásamt alhliða endurbótum á húsinu nr. 18 við Skúlagötu, sbr. teikningar frá Argos ehf, arkitektastofu Grétars og Stefáns dags. 15. mars, 2008. Stærðir nýbyggingu: 53,3 m², 225,6 m³. Umsögn Húsfriðunarnefndar Ríkisins liggur fyrir sem gerir ekki athugasemdir við breytingar.

Erindin var grenndarkynnt fyrir eigendum Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og 20.

Engar athugasemdir bárust.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 2 Hjallatangi 24, bílskúr með vinnuástöðu og geymslu í kjallara. Þórir Thorlacius kt. 090835 2469 sækir um að byggja bílskúr með geymslu og vinnuástöðu í kjallara, sbr. teikn. frá teiknistofunni Klöpp kt./ Sæmundi Eiríkssyni dags. Feb. 2008. Stærðir:

Samþykkt að veita leyfi fyrir bílskúr og geymslu.

Bæjarráð samþykkir að veita leyfi fyrir bílskúr og geymslu en hafnar vinnuástöðu í kjallara.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 3 Fákaborg 10 hesthús, breytingar á inngangi. Nadine E. Walter sækir um að færa inngangshurð og hlöðuhurð á austurgafli hesthússins samkvæmt bréfi og teikn. dags. 31.03.08 og 7.04.2008. Samþykki stjórnar Hesteigendafélags Stykkishólms liggur fyrir, bréf dags. 4.04.2008.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 4 Skólastígur 8, heitur Pottur.

Ásgeir Ásgeirsson óskar eftir að staðsetja heitan pott með læstu loki við sunnanvert húsið sbr. bréf dags. 9.04.2008.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 5 Aðalgata 29, breytingar á hurðum og gluggum.

Ríkharður Hrafnkelsson f.h. golfklúbbsins Mostra sækir um að breyta hurðum og gluggum á suður- norður og vesturhlið hússins sbr. teikn. frá Gunnlaugi Lárussyni dags. 30.03.2008.

Erindi samþykkt

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 6 deiliskipulag Arnarborg, breytingar.

Sævar Harðarson sækir um fyrir hönd Skipavík ehf, að breyta deiliskipulagi frístundabyggðar við Arnarborg samkvæmt teikn. dags. 30.04. 2008.

Samþykkt að grenndarkynna deiliskipulagsbreytingu fyrir eigendum frístundahúsa þegar að eftirtalin atriði hafa verið lagfærð. a) Allar byggingar á lóð verði innan byggingarreits b) Að fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum sé í samræmi við skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 4.11.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,DS og GDP

Liður 7 við Frúarstíg, reitur B á skipulagi miðbæjar. Byggingarleyfisumsókn.

Skipavík ehf. sækir um að byggja tvö hús B1 og B2 á reit B á gildandi deiliskipulagi miðbæjar samkvæmt teikningum frá Skipavík ehf/ Sigurjóni Jónssyni dags. apríl 2008. Jákvæðar umsagnir Húsfriðunarnefndar Ríkisins á deiliskipulagi liggja fyrir dags. 4.06.'02 og 3.12.'02. Stærðir: hús B1= 167,2 m², nhl., hús B2=167,2 m². Erindi synjað. Samræmist ekki skipulagsskilmálum. Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,GDP og DS

Liður 8 Þjónustuhús við Tjaldsvæði.

Stykkishólmsbær sækir um að byggja þjónustuhús á tjaldsvæði bæjarins samkvæmt teikningum frá Arkitektastofu OK/ Ormari Þór Guðmundssyni dags. 19.03.2008. Stærðir: 59,7 m², 191,4 m³. Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,EF og GDP

Liður 9 Tangagata 13, endurnýjun á byggingaleyfisumsókn frá 2.06.'04.

Eyþór Benediktsson kt. 281052 4119 sækir um að staðsetja kvist á austurhlið hússins ásamt tveimur þakgluggum og fjarlægja skorstein af þaki sbr. teikn. frá Verkfræðistofu E.K ,dags. maí 2004.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Liður 10 Höfðagata 5, breyta glugga í dyr.

Jóhann Gunnlaugsson kt. 131162 7319, Höfðagötu 5 sækir um að breyta glugga í hurð á suðvesturhlið hússins sbr. bréf dags.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Helga sat hjá vegna tengsla.

Liður 11 Skólastígur 7, útlitsbreytingar.

Björn J. Guðmundsson sækir um að klæða húsið með standandi

tréklæðningu,
endurnýja glugga og bæta við glugga á norður hlið hússins og skera
niður steinvegg á lóðarmörkum sbr. bréf dags 1.05. '08.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: DS og GDP

Liður 12 lóðarmörk við Höfðagötu 3.
Lögð fram tillaga að lóðarmörkum við Höfðagötu nr. 3.
Erindi samþykkt.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: DS og GDP

Liður 13 lóðarmörk Höfðagötu 9.
Lögð fram tillaga að lóðarmörkum við Höfðagötu nr. 9.
Erindi samþykkt.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 14 Laufásvegur 17, breyting á byggingareit.
Símon Sturluson kt. 241256 4489 lóðarhafi Laufásvegar nr. 17 óskar
eftir að byggingarreiturinn á lóðinni verði breikkaður úr 10 metrum í 12
metra og að kjallari verði undi hluta hússins sem snýr í norðaustur átt.
Samþykkt að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi fyrir eigendum
húsa við Laufásveg nr. 15 og Skúlagötu nr. 26.
Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 15 Hamraendi 3, mhl. 01 0204. Milligólf í atvinnuhúsnaði.
Sigurður Páll Jónsson f.h. Útgerðar Kára ehf, sækir um að byggja
milliloft í rýmisbil nr. 01 0204 við Hamraenda 3.
Erindi samþykkt. Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 16 Aðalgata 28, tréfallur og auglýsingaskilti við atvinnuhúsnaði.

Jón Helgi Jónsson kt. 061161-5629 sækir um að byggja tréfall við vesturenda hússins sbr. bréf og teikn. dags. 5.05.08.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 17 Nestún. Endurnýjun á spennistöð og umsókn um lóð.

Ásgeir Gunnar Jónsson sækir um f.h. Rarik ehf að endurnýja spennistöð við Nestún og að mynduð verði lóð í kringum hana sbr. bréf og afstöðumynd dags. 5.05.2008.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Gretar sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: HG,GDP og DS

Fundargerðin framlögð og samþykkt.

Liður 2 fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 06.05.2008 (28. fundur).

Tillaga um samstarf við Snæfell vegna leikja- og íþróttanámskeiða fyrir yngri börn í sumar.

Gretar og Elísabet lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar samþykkir að leita eftir við Umf. Snæfell að félagið standi að leikja- og íþróttanámskeiði án endurgjalds fyrir yngri börn í sumar. Jafnframt mun þá Stykkishólmsbær greiða allt að 60.000 krónur sérstakan styrk til Snæfells vegna þessa.

Gretar D. Pálsson

Elísabet L. Björgvinsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og ELB

Fundargerðin framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: DS,EF og GDP

Liður 5 fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms,

dags. 16.04.2008 (123. fundur).

Samþykkt samhljóða að skólaárið verði 36 vikur í stað 37 vikna og ljúki fyrr að vori.

Samþykkt samhljóða að gjaldskrá skólans hækki um 5% fyrir næsta skólaár.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,ELB og GDP

Fundargerðin framlögð og samþykkt.

Liður 8 lóðarumsókn Þorvalds Á. Pálssonar, dags. 25.04.2008 um lóðina Hjallatangi 40. Samþykkt að úthluta lóðinni til Þorvalds Á. Pálssonar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 16 drög að starfslýsing íþróttá- og tómstundafulltrúa. Lagt fram og samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,EF,HG og GDP

Liður 17 kostnaðarmat á Silfurgötu 18b. Kostnaðarmat vegna viðhalds lagt fram. Bæjarráð samþykkir að setja íbúðina ekki á sölu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,EF,DS og GDP

Liður 18 bréf Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur, oddvita Tálknafjarðarhrepps,dags. 23.04.2008 varðandi Ferjuna Baldur. Bæjarstjórn fagnar bréfi Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur og tekur undir það sem þar kemur fram.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 19 bréf Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur, oddvita Tálknafjarðarhrepps, dags. 23.04.2008 varðandi eflingu grunnskóla á landsbyggðinni með dreifmenntun. Bæjarstjóra falið í samráði við aðra bæjarstjóra á Snæfellsnesi að tilnefna fulltrúa í stýrihóp.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: EF og GDP

Liður 21 auglýsing sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, dags. 16.04.2008 til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2007/2008.

Sótt hefur verið um byggðakvóta á grundvelli 2.töluliðar þ.e. til byggðalaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum til fiskiskipa.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 22 bréf Varar Sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð, dags. 03.04.2008 varðandi styrk.

Stykkishólmsbær veitir eitt sveitarfélaga styrki til rannsókna á Breiðafirði í gegnum rekstur Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasetur Snæfellsness. Bæjarráð sér sér því ekki fært að verða við styrkbeiðni Varar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Liður 23 bréf Kaupþings banka hf., ódags. varðandi frest við ákvarðanatöku um byggingu að Aðalgötu 17.

Bæjarráð samþykkir umbeðinn frest til 01.09.2008 en bendir jafnframt á að það veldur óþægindum vegna kaupsamnings sem handsalaður hefur verið á húsnæði bankans við Aðalgötu 10 og tefur flutning Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasetur Snæfellsness í nýtt húsnæði og þ.m.t. aðstöðusköpun og vaxtamöguleika þessara rannsóknastofnanna.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,DS,HG og GDP

Liður 24 tillaga Gretars D. Pálssonar og Elísabetar Láru Björgvinsdóttur varðandi möguleika á því að tekið verði við börnum allt frá 12 mánaða inn í leikskólann.

Tillaga:

Undirrituð leggja til að kannaðir verið möguleikar á því að tekið verði við börnum allt frá 12 mánaða inn í leikskólann.

Greinargerð:

Þar sem foreldrar barna frá 12-18 mánaða aldri í Stykkishólmi eiga ekki

möguleika á dagvistun fyrir börn á þessum aldri er ljóst að margir þeirra geta ekki snúið til baka til vinnu að fæðingaorlofi loknu. Því teljum við nauðsynlegt að kanna hvaða möguleikar eru fyrir hendi á því að taka börn allt frá 12 mánaða inn í leikskólann.

Gretar D. Pálsson
Elísabet Björgvinsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH,EF,ELB og GDP

Liður 25 tillaga Gretars D. Pálssonar varðandi lóðir við Móník og Sundvík í Víkurhverfi.

Undirritaður leggur til að lóðir við Móník og Sundvík í Víkurhverfi verði auglýstar lausar til umsóknar.

Gretar D. Pálsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 26 tillaga Gretars D. Pálssonar varðandi sölu á slökkvibifreið árgerð 1942.

Undirritaður leggur til að Chevrolet Canada slökkvibifreiðin árgerð 1942 verði auglýst til sölu innanbæjar.

Enn fremur að andvirði sölunnar renni til tækjakaupa slökkviliðs Stykkishólmsbæjar.

Greinagerð:

Bifreiðin er ógangfær og í geymslu. Ekki stendur til af hálfu sveitarfélagsins að gera bifreiðina upp. Verðmæti bifreiðarinnar liggur í aldri hennar, söguleg og menningarleg verðmæti eru nær engin önnur. Komið hefur fram áhugi einstaklinga á að gera bifreiðina upp til varðveislu og sýninga. Það er mat undirritaðs að bifreiðinni sé mestur sómi sýndur með að koma henni í hendur aðilum sem munu gera hana upp og varðveita innan sveitarfélagsins.

Gretar D. Pálsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 27 bæjarstjórn sendir bestu þakkir til allra þeirra sem komu að undirbúningi og móttöku danska krónprinsins Friðriks og krónprinsessunnar Mary ásamt fylgdarliði til Stykkishólms þann 7. maí sl. Krónprinsinn lýsti yfir ánægju þeirra hjóna með vel heppnaða heimsókn. Móttökur, umhverfi og náttúrufegurð hafi verið einstök.

Til máls tóku: EF og GDP

Liður 28 bæjarráð hvetur forstöðumenn stofnanna Stykkishólmsbæjar að gæta aðhalds og huga vel að innkaupum í rekstri þar sem verðbólga í landinu fer nú hækkandi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GDP og DS

Fundargerð samþykkt.

Til máls tóku: LÁH,GDP,ELB og EF

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 06.05.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 06.05.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.3. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 05.05.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4. Umhverfisnefnd, dags. 29.04.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og GDP

2.5. Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 16.04.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.6. FSH ehf., dags. 15.05.2008.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2007, síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 687,1 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A-hluta bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur bæjarsjóðs 627,8 millj. kr. Rekstrargjöld námu 684,5 millj. Þar af námu rekstrargjöld bæjarsjóðs 606,6 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks að upphæð 24,8 m.kr. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var jákvæð um 21,2 millj. samkvæmt ársreikningi en jákvæð um 2,6 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2007 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 558,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 740,3 millj. kr.

Bæjarstjórn lýsir ánægju með niðurstöðu ársreikningsins. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja var síðan samþykktur samhljóða. Bæjarfulltrúar árituðu síðan ársreikninginn.

Til máls tóku: GDP,DS og LÁH

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl.21:32

Þór Örn Jónsson